

Skipulagsstofnun
B.t. Þórdísar Stelli Erlingsdóttur

Dags 14.10.2022

Málsnúmer: 202206048

Efni: Náma E-63 við Breiðárlón á Breiðamerkursandi í Sveitarfélaginu Hornafirði. Könnun á matsskyldu vegna efnistöku.

Í tengslum við kynningarskýrslu um könnun á matsskyldu vegna efnistöku, leggur Vatnajökulsþjóðgarður (hér eftir vísað til sem „VJP“) fram eftirfarandi ábendingar/athugasemdir:

1. Almennt (kafla 1.1 bls. 3)

Hér er fjallað um forsendur áætlaðra framkvæmda. Vatnajökulsþjóðgarður tekur undir þá samfélagslegu vá sem stafar af umræddu rofi og áhrifum þess á innviði sem lífæð samfélagsins. Að auki er um að ræða vegakerfi innan þjóðgarðs, sem tryggir ferðafólki aðgengi að svæðinu.

Efnið í námu við Breiðárlón er afar hentugt og staðsetning námunnar heppileg með tilliti til stuttrar fjarlægðar frá þeim samgöngu- og veitumannvirkjunum sem eining er um að skuli viðhaldið. Með nýtingu efnis úr námu við Breiðárlón eru umhverfiskostnaður (kolefnisspor) og fjárhagslegur kostnaður lágmarkaðir. Fram kemur að úr námu E-63 Breiðárlón hafa verið unnir um 70.000 m³ og áformað að á næstu 15-20 árum verði unnir allt að 200.000 m³ til viðbótar, þar af 100.000 til viðhaldsaðgerða við Jökulsá og 100.000 ef byggja þarf nýjar strandvarnir austan ár. Samantekið er því gert ráð fyrir að taka úr námunni hið minnsta 170.000 m³ en allt að 270.000 m³ verði þörf á strandvörnum austan ár. Vatnajökulsþjóðgarður gerir athugasemd við það umfang efnistöku sem óskað er eftir fyrir þann hluta (100.000 m³) sem enn er óljós, en skýrist skv. kynningarskýrslu á allra næstu mánuðum.

2. Landeigendur og leyfisveitingar (kafla 1.5 bls. 4 og kafla 1.9 bls. 9)

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í senn hluti af þjóðlendu og innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs. Varðandi leyfisveitingar er í kynningarskýrslu vísað til 3. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Sérstaklega er bent á að umræddri lagagrein var breytt árið 2020, sbr. a- og b-lið 1. gr. laga nr. 34/2020. Með þeirri breytingu var nýting náma og annarra jarðefna felld undir leyfisveitingarhlutverk sveitarfélaga sem hafa þjóðlendu innan sinna marka. Þá kemur í hlut VJP að veita það samþykki af hálfu ríkisins sem áskilið er í 3. og 4. mgr. þjóðlendlaga eins og þeim var breytt árið 2020, sbr. einnig 15. gr. b í lögum nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð.

Samkvæmt þessu annast Svf. Hornafjörður útgáfu framkvæmdaleyfis en VJP gefur út leyfi skv. þjóðlendlögum. Hvor tveggja leyfin þurfa að vera í samræmi við skipulagsáætlanir en við gerð slíkra áætlana fyrir svæði innan VJP er sveitarstjórn bundin af efni stjórnunar- og verndaráætlunar, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð.

Fyrir liggur að umrædd náma er í gildandi aðalskipulagi skilgreind 3 ha. og í flokki 4 (heimilað efnisnám allt að 149.999 m³). Umhverfis- og skipulagsnefnd Hornafjarðar hefur komist að þeirri


niðurstöðu að Vegagerðin þurfi að óska eftir breytingu á aðalskipulagi til þess að framangreind leyfi verði veitt af hálfu sveitarfélagsins. Jafnframt þurfi framkvæmdaaðili að óska eftir afstöðu sveitarfélagsins um hvort deiliskipuleggja skuli efnistökusvæðið áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Vatnajökulsþjóðgarður tekur undir að málið fái þessa meðferð. Jafnframt er lögð áhersla á að í kynningarferli vegna skipulagsáætlana komi skýrt fram hvernig þörf á nýjum strandvörnum hafi verið metin. Er þar vísað til niðurstaðna úr þeim strand- og dýptarrannsóknum sem greint er frá í kynningarskýrslunni. Við meðferð skipulagstillagna mun VJP annars lýsa þeim sjónarmiðum sem fram koma í þessari umsögn m.a. varðandi umfang framkvæmdar og skyldur þjóðgarðsins til verndunar náttúru- og menningarminja, að teknu tilliti til ákvæða Stjórnunar- og verndaráætlunar um nauðsyn frekari vinnslu að teknu tilliti til þeirrar varúðar sem þarf að viðhafa í tengslum við náttúru og menningarminjar í þjóðgarði.

3. Rannsóknir (kafli 1.6 bls. 5)

Tekið er fram að ekki hafi verið talin ástæða til að senda Minjastofnun erindi varðandi fornleifar, þar sem umrætt svæði við námuna er nýlega komið undan jökli. VJP bendir í því samhengi á mögulegar minjar sem koma undan jökli svo og möguleg áhrif afleiddra framkvæmda/mannvirkja (t.d. vega, lagersvæða o.fl.) á menningarminjar. Þjóðgarðurinn ber lagalegar skyldur til varðveislu menningarminja innan hans.

Við vinnu stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand, kortlagði Vatnajökulsþjóðgarður með aðstoð Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar þær minjar sem þeim var kunnugt um og sjá má á mynd 1. Þar er að mestu um að ræða mælivörður.



Mynd 1: Menningarminjar kortlagðar af Vatnajökulsþjóðgarði, með aðstoð Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Kortagerð: Snævarr Guðmundsson.

Með vísan til þessa hlutverks VJÞ er einboðið að aflað sé álits Minjastofnunar, sem fagstofnunar menningarminja, áður en afstaða er tekin til mats skyldu.

4. Samræmi við skipulag (kafla 1.7 bls. 7)

Fyrir liggur að náma E-63 er á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar en skilgreind í flokki 4 (efnistaka undir 150.000m³). Í ljósi þess að fyrirhuguð efnistaka er á bilinu 170-270.000m³ liggur fyrir að breyta þurfi aðalskipulagi. Við meðferð tillögu um breytingu á aðalskipulagi Svf. Hornafjarðar mun VJÞ leggja áherslu á þau atriði sem fram koma í þessari umsögn.

Þar sem fjallað er um aðkomuleiðir fyrir vinnuvélar og tæki Vegagerðarinnar til viðhalds rofvarna, mætti bæta við feitletruðu: Utan viðgerðartíma nýtast leiðirnar **við grjótgarðana** sem gönguleiðir fyrir gesti svæðisins.

5. Umferð (kafla 2.2. bls. 12)

Fjallað er um þá takmörkuðu umferð sem almennt er um svæðið, sem passar við þann tíma þegar textinn er skrifaður. Vatnajökulsþjóðgarður áréttar, að umferð undanfarinna ára hefur verið háð stöðu íshella, sem eru síkvik fyrirbæri. Þegar þetta er skrifað, liggur til dæmis fyrir að hellar hafa myndast í vestanverðum Breiðamerkurjökli og lítur út fyrir aðsókn ferðafjónustuaðila að svæðinu í vetur. Í ljósi þessa leggur Vatnajökulsþjóðgarður fram tillögu um orðalag í þá veru að umferð ferðafólks um svæðið sé mjög háð stöðu jökulsporðs hverju sinni og t.d. því hvort íshella væri þar að finna. Í slíkum tilfellum getur verið um mikla umferð að ræða, annars er hún afar takmörkuð.

6. Landslag (kafla 5.1 bls. 20)

Vatnajökulsþjóðgarður fagnar þeim skilningi sem áhrif efnisnáms getur haft á landslag og áætluðum mótvægisáðgerðum í samhenginu.

7. Jarðmyndanir (kafla 5.2 bls. 21)

Því er haldið fram að vegna góðs frágangs verði áhrif námunnar á jarðmyndanir *óveruleg*. Vatnajökulsþjóðgarður gerir athugasemdir við það orðalag, enda um að ræða brottflutning umræddra jarðmyndana af svæðinu. Eðlilegri nálgun væri að mati Vatnajökulsþjóðgarðs að telja áhrif námunnar á jarðmyndanir ásættanleg, með tilliti til veginna samfélagslegra hagsmuna.

8. Fuglar (kafla 5.3 bls. 21)

Fram kemur að áhrif á fugla á svæðinu verði tímabundin, þar sem efnistaka fari fram á tímabilinu október-maí (svo og staðbundin áhrif). Vatnajökulsþjóðgarður leggur til að óskað verði álits Náttúrustofu Suðausturlands og/eða Náttúrufræðistofnunar Íslands, varðandi mögulegan ávinning þess að efnistöku ljúki mánuði fyrr að vori og takmarki því enn frekar áhrif á fuglalíf.

9. Niðurstöður kynningarskýrslu (kafla 7 bls. 23)

Í niðurstöðukafla er fjallað um að sækja þurfi um framkvæmdaleyfi til Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vatnajökulsþjóðgarðs, fyrir efnistöku úr námunni. Fyrir liggur að sveitarfélög fara með úthlutun framkvæmdaleyfa, líkt og fram kemur annarsstaðar í kynningarskýrslu en hefur misritast á bls. 23. Þar ætti með réttu að standa: „Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til Sveitarfélagsins Hornafjarðar og afla samhliða samþykkis Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir efnistöku úr námunni.“

Niðurstaða Vatnajökulsþjóðgarðs



Af fyrra samráði og kynningarskýrslu má ljóst vera að framkvæmdaaðili er meðvitaður um mikilvægi þess að vanda skipulagsferli, framkvæmd og frágang, svo og samráð á öllum stigum. Vatnajökulsþjóðgarður fagnar þeim skilningi, sem og er frumskilyrði framkvæmdar.

Fyrir liggur að um er að ræða svæði innan þjóðgarðs og þar með hærra verndargildi. Á sama tíma liggur fyrir að veginn hefur verið samfélagslegur ávinningur líkt og tekið er tillit til í ákvæðum Stjórnunar- og verndaráætlunar, sem standa þar með ekki í vegi fyrir efnistöku. Skilgreind efnisþörf er þó enn óljós í samhengi við þörf á nýjum strandvörnum (sbr. 1. lið). Vatnajökulsþjóðgarður óskar þess að skoðaður verði sá möguleiki að dregið verði úr umfangi, þannig að sé innan marka aðalskipulags, en mikilvægt er að vandlega sé farið með efni og einungis tekið það sem þörf er á. Komi skyndilega upp samfélagsleg ógn, er skilningur Vatnajökulsþjóðgarðs á mikilvæginu afdráttarlaust fyrir hendi og boðleiðir stuttar.


Vegna takmarkandi ákvæða aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar í umræddri námu (sbr. 4.lið), ákvæða laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, svo og þess að um er að ræða verndarsvæði, telur Vatnajökulsþjóðgarður þau sjónarmið mæla með því að framkvæmdin skuli teljast matsskyld. Niðurstaðan mun þó ráðast að því hvernig þau sjónarmið eru vegin á móti samfélagslegum ávinningi.

Með fyrirvara um jákvæðar umsagnir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar gerir Vatnajökulsþjóðgarður ekki frekari athugasemdir við framlagða tillögu.

Virðingarfyllt fyrir hönd Vatnajökulsþjóðgarðs,



VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR
Steinunn Hödd Harðardóttir
þjóðgarðsvörður
Litlubrú 2
780 Höfn í Hornafirði



VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
verkefnastjóri skipulags- og öryggismála
Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri

28. september 2022

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Náma E 63 við Breiðarlón á Breiðamerkursandi, umsögn tilkynningu

Með tölvupósti þann 29. ágúst sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Austurlands um tilkynningu Vegagerðarinnar dagsetta í ágúst 2022 um efnistöku úr Breiðárnámu á Breiðamerkursandi. Náman sem hefur auðkennið E 63 í aðalskipulagi er staðsett á svæði 635 á náttúruminjaskrá og er jafnframt staðsett á mikilvægu fuglasvæði.

Samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins er náman í stærðarflokki 4 (50.000 – 149.999 m³) Fram kemur að nú þegar hafa verið unnið um það bil 71.000 m³ af bergi úr námunni og tilkynningunni sem hér er til umsagnar er gert ráð fyrir að unnið verði allt 200.000 m³ til viðbótar í áföngum næstu 15-20 árin. Fram kemur að í útboðsgögnum verði gerð krafa um vandaðan frágang svæðisins og að frágangur fari fram í samráði við sveitarfélagið, Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarð.

Fyrirhuguð starfsemi fellur undir tölulið 2.6. í X viðauka reglugerðar 550/2018. Starfsemin er því háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands. Í tilkynningunni er vísað til reglugerðar 785/1999 en sú reglugerð féll úr gildi með gildistöku reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Þrátt fyrir staðsetningu framkvæmdarinnar er það mat Heilbrigðisnefndar Austurlands að ekki sé þörf á umhverfismati. Ekki eru gerðar athugasemdir við efni tilkynningarinnar aðrar en þær er lúta að tilvísun í brottfallna reglugerð.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 27.9.2022
Málsnúmer: 202209-0001
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu efnistöku í Breiðárnámu.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 31. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar á frekari efnistöku úr námu við Breiðárlón í Vatnajökulþjóðgarði eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum skv. ákvæðum laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir greinargerð um tilkynnta framkvæmd og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Um er að ræða framkvæmd á stækkun Breiðárnámu en efnistaka úr henni hófst árið 2003. Heildarefnisvinnsla úr námunni hingað til er um 71.000 rúmmetrar. Allt efni hefur verið nýtt til uppbyggingar og viðhalds á rofvörnum í og við farveg Jökulsár á Breiðamerkursandi. Ljóst er að umtalsverð þörf er á frekari efni fyrir rofvarnir og tilkynningin gerir ráð fyrir að það efni verði allt sótt áfram í Breiðárnámu, og það allt að 200.000 rúmmetra af bergi á næstu 15-20 árum.

Breiðárnáma (náma E-63) er innan marka Vatnajökulþjóðgarðs sem veitir leyfi fyrir efnistöku. Að mati Náttúrufræðistofnunar er óheppilegt að stórfelld efnistaka fari fram innan marka þjóðgarðsins og því þurfi að vera góður rökstuðningur fyrir því að ekki sé leitað í önnur efnistökusvæði utan þjóðgarðsins.

Fram kemur að gabbróinnskotið norðan Breiðárlóns sé besta efnið í næsta nágrenni Breiðamerkurlóns. Gabbró er fremur sjaldgæf bergtegund á Íslandi og því með töluvert verndargildi en það fellur þó ekki undir jarðmyndanir sem ber að vernda skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í úttekt á eiginleikum bergsins í námunni hefur komið fram að vegna ummyndunar sé veðrunarþol þess veiklað en að það geri ekki að sök þegar grjótið er á kafi í sjó eða vatni. Fram kemur að næsta mögulega grjótnám sé við Kolgrímu í Suðursveit, sem sé einnig innan marka Vatnajökulþjóðgarðs, á lítt röskuðu svæði og í 43 km fjarlægð. Fjalla hefði mátt betur um í greinargerðinni hvort fleiri efnistökusvæði í styttri fjarlægð frá Jökulsá á Breiðamerkursandi hafi verið metin.

Áhrif efnistökkunnar verða fyrst og fremst á jarðminjar og landslag. Ásýndaráhrif efnistökkunnar eru þó lítil þar sem ekki sést til námunnar frá Jökulsárlóni né Hringvegi. Göngufólk og aðrir ferðalangar á ferð í næsta nágrenni Breiðárlóns verða þó óneitanlega námunnar vör. Samkvæmt upplýsingum frá Vatnajökulþjóðgarði eru þó fáir á ferli á þessu svæði.

Í ljósi þessa telur Náttúrufræðistofnun að áframhaldandi efnistaka í Breiðárnámu sé viðunandi kostur til að afla efnis fyrir rofvarnir fyrst engir betri kostir eru fyrir hendi. Þótt stækkun námunnar muni fela í sér umtalsvert rask innan verndarsvæðis er það heppilegra en að opna



nýtt efnistökusvæði. Fram kemur að nánan lendi í 1. Verndargildisflokki skv. flokkun Vegagerðarinnar. Mikilvægt er að það endurspeglit í verklagi framkvæmdar og að hönnun, frágangur og eftirlit tryggi að neikvæð áhrif efnistökkunnar verði eins lítil og mögulegt er. Umfjöllun um framkvæmdina, umhverfisáhrif hennar og mikilvægar mótvægisáðgerðir eru ítarlegar í greinargerðinni. Í ljósi ofangreindra atriða telur Náttúrufræðistofnun ekki þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar v.202206048 - Náma við Breiðárlón á Breiðamerkursandi

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>; Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>
Frá : Anna Bragadóttir <anna.bragadottir@hornafjordur.is>
Heiti : Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar v.202206048 - Náma við Breiðárlón á Breiðamerkursandi
Málsnúmer : 202206048
Málsaðili : Vegagerðin
Skráð dags : 26.09.2022 00:00:00
Höfundur : Anna Bragadóttir <anna.bragadottir@hornafjordur.is>

Sæl Þórdís.

Erindið var tekið fyrir í umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 19. september sl.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að í skýrslunni sé nægilega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun og því ekki þörf á frekara mati á umhverfisáhrifum. Nefndin vekur athygli á því að í aðalskipulagi sveitarfélagsins er náman skilgreind sem 3 ha í flokki 4. Samkvæmt því er heimilt að taka úr námunni allt að 149.999 m³. Því þarf Vegagerðin að óska eftir breytingu á aðalskipulagi og afstöðu sveitarfélagsins um hvort deiliskipuleggja skuli efnistökusvæðið áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Fundargerð í heild sinni má nálgast í gegnum meðfylgjandi tengil. Málið er nr. 3.

[Fundargerðir | Hornafjörður \(hornafjordur.is\)](#)

Með kveðju,

Anna Bragadóttir

Landfræðingur B.Sc.

Sími: 412-6285

From: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sent: 31.08.2022 10:18:15

To: Afgreiðsla Ráðhúsi

Subject: 202206048 - Náma við Breiðárlón á Breiðamerkursandi

Góðan dag,

Vegagerðin hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin **26. ágúst 2022**, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að **Sveitarfélagið Hornafjörður** gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort **Sveitarfélagið Hornafjörður** telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði **Sveitarfélagið Hornafjörður** telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 29. september 2022 á tölvupóstföngin: thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is og skipulag@skipulag.is.

Með kveðju,

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

image001.jpg

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. september 2022
UST202208-317/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Náma við Breiðárlón. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 31. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða efnistöku úr námu sem hefur verið notuð af og til frá árinu 2003. Í hvert sinn hefur verið tekið frekar lítið magn og er heildarvinnsla í námunni nú um 71.000 m³. Grjótið er notað til sjóvarna við farveg Jökulsár en til að verja veg, brú og háspennulínu og einnig til að styrkja farveg við ós árinna.

Ljóst er að frekari aðgerða verður þörf á þessu svæði á næstu árum og erfitt að segja fyrir með nákvæmni um framvindu landbrots til lengri tíma og er því nauðsynlegt að geta brugðist skjótt við og hafa aðgang að grjóti bæði á lager og vinnslustáli í námu.

Náman er á svæði sem hentar mjög vel fyrir námu af þessu tagi. Umhverfið er hrjóstrugt, gróðurlítið og frekar nýlega komið undan jökli og ætti að vera auðvelt að ganga frá svæðinu og aðlaga það að landi ef og þegar að því kemur.

Umhverfisstofnun hefur áður gefið umsögn um þessa námu og telur að umhverfisáhrif frekari efnistöku á þessum stað sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að Vegagerðin og Landsnet ættu að skoða meðan tími gefst til hvaða aðrir kostir koma til greina á Breiðamerkursandi ef ekki verður unnt að verja núverandi mannvirki.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur

Björn Stefánsson,
sérfræðingur